



**Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2006**

Leiðbeinandi tilmæli um álagspróf váttryggingafélaga og  
upplýsingagjöf um áhættustýringu, þ. á m. álagspróf

**27. janúar 2006**

## 1. Inngangur

### **Almennt um tilmælin**

Tilmælin sem hér fara á eftir eru þríþætt. Í fyrsta lagi kveða þau á um að árlega skuli framkvæmt staðlað álagspróf sem miðast að því að prófa almennt hvernig félögin standast tiltekin áföll. Félögum er skipt í þrjú flokka og er staðlaða álagsprófið lagað að hverjum flokki. Gert er ráð fyrir tiltekinni þróun á yfirstandandi reikningsári samkvæmt nánar skilgreindum staðalforsendum, með möguleika á frávikum hjá einstökum félögum. Markmiðið er að auka yfirsýn Fjármálaeftirlitsins á stöðu einstakra félaga og auðvelda því að bregðast við ef fyrisjáanlegir eru erfiðleikar í rekstri.

Í öðru lagi er tilmælunum ætlað að vera leiðbeinandi um það hvernig váttryggingafélög geta nýtt sér álagspróf sem þau hanna sjálf til að efla hjá sér áhættustýringu. Fjármálaeftirlitið vill með því hvetja váttryggingafélög til að taka upp eigin álagspróf í samræmi við umfang starfseminnar. Fjármálaeftirlitið fylgist með þróun álagsprófa hjá félögunum og getur gefið leiðbeiningar um hvaða þætti eftirlitið telur mikilvægast að prófa.

Loks kveða tilmælin á um almenna upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu þar sem stuðst verður við flokkun á áhættum váttryggingafélaga sem starfshópur á vegum Alþjóðasamtaka tryggingastærðfræðinga (IAA) gaf út á árinu 2004.

### **Notkunargildi álagsprófa fyrir váttryggingafélög**

Þann 17. janúar 2002 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Í tilmælunum voru settar fram lágmarkskröfur varðandi innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið telur að aukin notkun álagsprófa leiði til að váttryggingafélög geri sér betur grein fyrir þeim áhættum sem félagið þarf að fást við sem muni svo aftur leiða af sér öflugri áhættustýringu.

Alþjóðasamtök eftirlita á váttryggingasviði (IAIS) hafa gefið út leiðbeinandi tilmæli um álagspróf. Þar eru færð rök fyrir því að álagspróf verði eðlilegur hluti af starfsemi váttryggingafélaga. Almenn tilmæli Fjármálaeftirlitsins um álagspróf byggja á áður nefndum tilmælum IAIS.

### **Upplýsingagjöf váttryggingafélaga um áhættustýringu**

Í tilmælunum er kveðið á um reglulega skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins varðandi áhættustýringu og álagspróf. Ekki er gert ráð fyrir að gerð slíkra skýrslna verði við eðlilegar aðstæður íþyngjandi fyrir váttryggingafélög. Gert er ráð fyrir að komi erfiðleikar upp í rekstri geti skýrsla félagsins verið tæki fyrir Fjármálaeftirlitið og félagið til að greina í sameiningu hvaða þætti áhættustýringar helst beri að styrkja. Þannig megi á fyrirbyggjandi hátt koma í veg fyrir að váttryggingafélög uppfylli ekki lágmarkskröfur um gjaldþol með þeim truflunum á starfsemi sem slíkt hefur í för með sér.

Í upphafi felur skýrslugjöfin í sér vinnu fyrir váttryggingafélög, þar sem þau þurfa að taka saman og gera grein fyrir aðferðum sínum við áhættustýringu. Eftir það er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun í tengslum við reglubundin gagnaskil. Fjármálaeftirlitið mun nota þessar upplýsingar í eftirliti samhliða greiningu á tölulegum gögnum frá félögunum.

### **Staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins**

Í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 530/2004 um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárlutfall umfram lögbundið lágmark er kveðið á um að fjármálafyrirtæki þurfi að jafnaði að geta staðist tiltekin þrjú áföll sem samtímis leiði til

niðurfærslu eignaliða án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir 8%. Uppfylli fyrirtækið ekki það viðmið kemur til álita af hálfu Fjármálaeftirlitsins að krefjast herra lágmarkseiginfjárhlutfalls en 8% fyrir viðkomandi fyrirtæki. Reglurnar eru settar með stoð í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og eiga því við um þau fyrirtæki sem talin eru upp í 4. gr. laganna.

Samkvæmt 7. mgr. 90 gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að krefja váttryggingafélög um áætlun eins og gjaldþol væri ófullnægjandi, telji það fjárhag félagsins vera með þeim hætti að réttindum váttryggingartaka sé stefnt í hættu. Í raun samsvarar þetta ákvæði því að Fjármálaeftirlitið geti hækkað kröfur um lágmarksgjaldþol. Gera má ráð fyrir að eftirlitsaðilum verði fengnar víðtækari heimildir til að gera sérsniðnar kröfur til gjaldþols í fyrirhuguðum nýjum gjaldþolsreglum Evrópusambandsins (ESB), svonefnds Solvency II.

Í Viðauka A verður farið yfir ýmis rök fyrir því að núverandi gjaldþolsreglur séu ófullnægjandi mælikvarði á fjárhagsstöðu váttryggingafélaga og að álagspróf gefi að mörgu leyti betri yfirsýn yfir stöðuna.

Fjármálaeftirlitið gefur því hér út leiðbeinandi tilmæli um mælingu áhættuþátta í váttryggingafélögum, með fyrirfram ákveðnum álagsprófum. Mismunandi tilmæli eru sett fyrir líftryggingafélög, skaðatryggingafélög með fjölpætta starfsemi og skaðatryggingafélög með einhæfa starfsemi og ræðst prófið af því hvaða þætti Fjármálaeftirlitið telur mikilvægasta fyrir hvern flokk. Nánari grein er gerð fyrir því í umfjöllun um einstaka áhættuþætti í Viðauka B.

Leiði athugun Fjármálaeftirlitsins á niðurstöðum staðlaðs álagsprófs váttryggingafélags í ljós að fjárhagur þess sé verulega ótraustur og áhættusamur þrátt fyrir að félagið uppfylli kröfur laga um váttryggingastarfsemi til gjaldþols, kemur til álita að beita áður nefndri 7. mgr. 90. gr. laganna.

## **Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um álagspróf váttryggingafélaga og upplýsingagjöf um áhættustýringu, þ. á m. álagspróf**

### ***Staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins***

#### **Framkvæmd**

1. Fjármálaeftirlitið hefur útbúið eyðublað vegna staðlaða álagsprófsins sem fylgir hér sem Fylgiskjal 1.
2. Samhliða því að hefðbundnum gögnum er skilað skv. 47. gr. laga um váttryggingastarfsemi getur váttryggingafélag fyllt inn í eyðublaðið það sem vitað er um forsendur yfirstandandi reikningsárs. Slíkt verklag er æskilegt ef félagið telur að staðlaðar forsendur Fjármálaeftirlitsins hæfi ekki forsendum þess.
3. Eftir að öllum gögnum hefur verið skilað skv. áður nefndri 47. gr. mun Fjármálaeftirlitið fylla út í eyðublaðið með ákveðnum staðalforsendum, hafi félagið ekki gefið upp eigin forsendur við gagnaskil. Gerð er grein fyrir staðalforsendum hér á eftir í Viðauka D.
4. Að því loknu mun Fjármálaeftirlitið senda eyðublaðið út til félaganna sem hafa tvær vikur til að gera athugasemdir við forsendur álagsprófsins.

5. Hafi Fjármálaeftirlitinu ekki borist athugasemdir frá félögunum á þessum tiltekna tíma mun eftirlitið nýta álagsprófið við áhættuflokkun. Nánar verður fjallað um áhættuflokkunina hér á eftir.
6. Berist hins vegar athugasemdir mun Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af þeim við áhættuflokkun félagsins.
7. Skaðatryggingafélag telst hafa fjölþætta starfsemi ef hlutfall iðgjalda ársins af heildariðgjöldum ársins, samanlagt í frum- og endurtryggingum, fer yfir 10% í að minnsta kosti 3 af eftirfarandi greinaflokkum:
  - Eignatryggingum
  - Sjótryggingum
  - Flugtryggingum
  - Farmtryggingum
  - Ökutækjatrýggingum
  - Greiðslu- og efnðavátryggingum
  - Ábyrgðartryggingum
  - Slysa- og sjúkratryggingum
  - Réttaraðstoðartryggingum
  - Ferðamannaaðstoðartryggingum.
8. Skaðatryggingafélag sem uppfyllir ekki skilyrðið í 7. tölul. eða er hætt að taka við iðgjöldum telst hafa einhæfa starfsemi.

### Líftryggingafélög

9. Prófa skal hvort líftryggingafélög standist eitt eða fleiri eftirtalinna áfalla:

Áfall 1: Líftryggingabætur ársins aukast um 25%.

Áfall 2: Hlutur endurtryggjenda í líftryggingaskuld lækkar um 20%.

Áfall 3: Markaðsvirði skuldabréfa í eigin áhættu lækkar um 7%.

Áfall 4: Markaðsvirði (eða bókfært virði þar sem það er notað) hlutabréfa lækkar um 35%.

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að endurskoða hlutföll í prófinu á milli ára í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og reynslu af álagsprófinu.

### Skaðatryggingafélög með einhæfa starfsemi

10. Prófa skal hvort skaðatryggingafélög með einhæfa starfsemi standist eitt eða fleiri eftirtalinna áfalla:

Áfall 1: Hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum í stærsta greinaflokknum, skv. 7. tölul. verður 200%.

Áfall 2: Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld lækkar um 20%.

Áfall 3: Markaðsvirði skuldabréfa í eigin áhættu lækkar um 7%.

Áfall 4: Markaðsvirði (eða bókfært virði þar sem það er notað) hlutabréfa lækkar um 35%..

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að endurskoða hlutföll í prófinu á milli ára í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og reynslu af álagsprófinu.

**Skaðatryggingafélög með fjölþætta starfsemi**

11. Prófa skal hvort skaðatryggingafélög með fjölþætta starfsemi standist eitt eða fleiri eftirtalinna áfalla:

Áfall 1: Stórtjón í eignatryggingum eða sjótryggingum, eftir því í hvorri greininni markaðshlutdeild félagsins er hærri. Gera skal ráð fyrir að tjónið samsvari hæstu váttryggingafjárhæð á einstöku váttryggingaskírteini félagsins í greininni, þó skal ekki reikna með stærra tjóni en 2 ma.kr.

Áfall 2: Hluttur endurtryggjenda í váttryggingaskuld lækkar um 20%.

Áfall 3: Markaðsvirði skuldabréfa í eigin áhættu lækkar um 7%.

Áfall 4: Markaðsvirði (eða bókfært virði þar sem það er notað) hlutabréfa lækkar um 35%..

Áfall 5: Hlutfall tjóna ársins af iðgjöldum ársins verður 150% í þeim af eftirtöldum greinaflokkum sem umfangsmestir eru hjá viðkomandi váttryggingafélagi: ökutækjatryggingum, ábyrgðartryggingum eða slysa- og sjúkratryggingum.

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að endurskoða hlutföll í prófinu á milli ára í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og reynslu af álagsprófinu.

**Áhættuflokkun Fjármálaeftirlitsins**

12. Í áður nefndu eyðublaði verða áhrif áfallanna á gjaldþol og lágmarksgjaldþol metin. Ávallt verður miðað við reglur um lágmarksgjaldþol samkvæmt breytingum á lögum um váttryggingastarfsemi með lögum nr. 37/2003, þrátt fyrir að félag hafi frest til ársloka 2007 til að uppfylla kröfur 33. gr. Félag telst hafa staðist áfallið ef áætlað er að gjaldþol í árslok sé hærra en lágmarksgjaldþol.

13. Einnig verða reiknuð út heildaráhrif áfallanna og skoðað hvort félag stæðist þau öll í einu.

14. Eftirfarandi flokkun verður notuð og verða viðmiðanir sem hér segir:

**A – Mikil hætta**

Félag stenst ekki tvö eða fleiri áföll. Gagnvart þessum félögum kemur til álita af hálfu Fjármálaeftirlitsins að beita 7. mgr. 90. gr. laga um váttryggingastarfsemi og krefjast þar með áætlunar um hvernig félagið hyggist endurreisa fjárhag sinn. Hafi félag verið hækkað í þennan flokk skv. 15. tölul., munu aðgerðir Fjármálaeftirlitsins beinast sértækt að þeim þáttum sem taldir eru í ólagi og félagi gert að gera samstundis úrbætur. Umfang eftirlits með váttryggingafélögum sem falla í þennan flokk ræðst af öðru leyti af stærð þeirra og hversu mikil virk váttryggingaráhætta þeirra er.

**B – Efra stig meðal hættu**

Félag stenst ekki eitt áfall eða heildaráhrif áfallanna. Eftirlit með þessum félögum verður aukið með tíðari heimsóknum og eftir atvikum kröfum um aukin gagnaskil.

**C – Meðal hætta**

Félag stenst öll álagspróf en í a.m.k. einu tilviki fer gjaldþolshlutfall félagsins niður fyrir 1,5. Hefðbundið eftirlit þar sem stefnt verður að eftirlitsheimsókn til félagsins annað hvert ár, þar sem m.a. verður farið yfir innra eftirlit og áhættustýringu.

**D – Lítil hætta**

Félag stenst öll álagspróf og gjaldþolshlutfall er ávallt yfir 1,5. Að óbreyttu ekki ástæða til sérstaks eftirlits með fjárhagsstöðu, annars en hefðundins eftirlits án heimsókna (off-

site) en umfang starfsemi og mikilvægi félags á váttryggingamarkaði gæti þó kallað á að eftirlit verði með svipuðu sniði og hjá félögum í flokki C.

15. Þrátt fyrir þau viðmið sem gerð er grein fyrir hér að ofan varðandi áhættuflokkun, áskilur Fjármálaeftirlitið sér rétt til að hækka áhættuflokkun félags telji eftirlitið að þættir sem ekki verða mældir með stöðluðu álagsprófi séu í ólagi. Er þá einkum átt við hvernig félag uppfyllir ákvæði laga um váttryggingastarfsemi, laga um váttryggingarsamninga og þeirra reglugerða sem um váttryggingastarfsemi gilda, þ.á m. reglugerðir um ársreikninga og um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar
16. Fjármálaeftirlitið mun upplýsa váttryggingafélög um stöðu þeirra í áhættuflokkunarkerfi eftirlitsins og um rökstuðning eftirlitsins fyrir niðurstöðunni.

#### **Gildistaka**

17. Framkvæmd staðlaða álagsprófsins sem hér er lýst mun hefjast á árinu 2006.

### ***Almennt um framkvæmd álagsprófa hjá váttryggingafélögum***

#### **Hlutverk álagsprófa í áhættustýringu váttryggingafélaga**

18. Álagspróf eiga að verða sjálfsagður hluti af ábyrgri áhættustýringu váttryggingafélaga. Notkun þeirra á að leiða til virkara innra eftirlits og áhættustýringar. Fjármálaeftirlitið væntir þess að ekki leggist meiri kostnaður á váttryggingafélög en svo að það borgi sig í betri rekstri og fjárhagsstöðu félagsins.
19. Mikilvægt er að váttryggingafélög sníði álagspróf sín að eigin áhættum.
20. Álagspróf eiga að nýtast váttryggingafélögum við skipulagningu starfseminnar og setningu markmiða.

#### **Hlutverk álagsprófa í eftirliti með váttryggingafélögum**

21. Fjármálaeftirlitið mun biðja váttryggingafélög um að gera því grein fyrir niðurstöðum mikilvægustu álagsprófa sinna og mun nýta sér heimild í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, til að fá aðgang að öllum gögnum um álagspróf. Gert er ráð fyrir að umfang eftirlits með álagsprófum fari eftir fjárhagslegri stöðu váttryggingafélaga. Telji Fjármálaeftirlitið verulega hættu á að styrkleika tiltekins váttryggingafélags verði ógnað mun það gera auknar kröfur um álagspróf og kynna sér niðurstöður þeirra á vettvangi.
22. Fjármálaeftirlitið getur notað niðurstöður prófanna til fara fram á aukningu eigin fjár, styrkingu innri starfsemi eða að dregið verði úr áhættu með breytingum á stefnu eða viðskiptaáætlunum. Telji Fjármálaeftirlitið ekki prófað nægilega fyrir tilteknum áhættuþáttum getur eftirlitið farið fram á viðbótarálagspróf.
23. Afrit af vinnuhandbók vegna álagsprófa skv. 44. tölul. hér á eftir skal send Fjármálaeftirlitinu um leið og hún er tilbúin. Einnig skulu afrit af skýrslum til stjórnar og framkvæmdastjóra vegna álagsprófa send Fjármálaeftirlitinu.
24. Váttryggingafélög hafa frest til 31. desember 2007 til að ljúka gerð vinnuhandbókar vegna álagsprófa. Fjármálaeftirlitið getur þó krafist þess að vinnu við álagspróf ljúki fyrir hjá félagi, telji eftirlitið að niðurstöður staðlaðs álagsprófs gefi tilefni til að ætla að styrkja þurfi áhættustýringu félagsins.

**Skilgreiningar á álagsprófum og aðferðir við álagspróf**

25. Álagsprófum má skipta annars vegar í næmnipróf og hins vegar í áfallapróf. Næmnipróf mælir áhrif breytinga á einum eða fleiri áhættuþáttum á fjárhagslegan styrkleika váttryggjandans í framtíðinni. Þolprófin (e. resilience test) sem notuð eru t.d. í Bretlandi og Ástralíu eru dæmi um slík próf. Áfallapróf eru flóknari gerðir þar sem gert er ráð fyrir samhliða breytingum á nokkrum áhættuþáttum. Oft mæla áfallapróf áhrif stórtjóna á fjárhagslega stöðu, eða áhrif tengdra áfalla sem geta orðið t.d. ef stórtjón veldur jafnframt falli á hlutabréfum og hækkun vaxta.
26. Áföllum má skipta í tvær tegundir, söguleg áföll og tilgátuáföll. Ekki er æskilegt að nota eingöngu aðra tegundina. Hættan við tilgátuáföll er að þau gætu orðið óraunhæf en hins vegar getur verið ókostur að styðjast eingöngu við söguleg gögn.
27. Flokka má aðferðir við álagspróf í fjóra flokka á eftirfarandi hátt:

	Kyrrstöðulíkön	Hreyfanleg líkön
Löggeng líkön	Líkan FME	
Slembilíkön		

28. Kyrrstöðulíkön byggja á prófunum miðað við atburði tiltekins tímapunktur á meðan að í hreyfanlegum líkönum er skoðuð þróun yfir tiltekið tímabil.
29. Löggeng (e. deterministic) líkön gera ráð fyrir að tilteknir atburðir eigi sér stað en í slembilíkönnum er miðað við líkur á að tilteknir atburðir geti átt sér stað.
30. Staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins er löggengt kyrrstöðulíkan.
31. Mun erfiðara er að þróa slembilíkön en einn helsti kosturinn við þau er að þau gefa hugmynd um dreifingu og líkur á tilteknum niðurstöðum. Við notkun flókinna váttryggingaafurða eru slembilíkön nauðsynleg. Dæmi um slembiaðferð er hin svokallaða VaR (Value at Risk).

**Nauðsynleg sérfræðilækning**

32. Sérhvert váttryggingafélag þarf að hafa aðgang að þeirri kunnáttu og tækni sem þarf til að hanna álagspróf. Þeir sem taka þátt í að hanna álagspróf þurfa að:
- Búa yfir sérfræðilækningu á sviðum tryggingastærðfræði, endurskoðunar, hagfræði, lögfræði eða öðrum sviðum tengdum fjármálafræðum.
  - Búa yfir ítarlegum skilningi á starfsemi váttryggjandans.
  - Geta þekkt áhættur sem gætu haft verulega neikvæð áhrif á fjárhagslega stöðu váttryggjandans.
  - Geta greint áhrif hugsanlegra áhættuþátta.
  - Skilja þau líkön sem hægt væri að nota.
33. Jafnframt þurfa þeir sem framkvæma álagsprófin að geta komið niðurstöðum skýrt á framfæri við stjórn og Fjármálaeftirlitið.

**Hönnun álagsprófa**

34. Nauðsynlegt er að álagspróf séu hönnuð með áhættusamsetningu viðkomandi váttryggingafélags í huga.

35. Æskilegt er að álagspróf taki einnig til áhættuþátta sem erfitt er að mæla. Þar á meðal má nefna útkomu dómsmála, orðstírsáhættu, breytingar á skattalögum o.s.frv.
36. Vátryggjandi skal, til viðbótar við staðlað álagspróf Fjármálaeftirlitsins, gera sínar eigin athuganir á áhættum í starfseminni og gera áhættustýringu að eðlilegum hlut daglegrar starfsemi.
37. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga við gerð álagsprófa (listinn er ekki tæmandi):
- Gjaldþolsstöðu
  - Tegund starfsemi og dreifikerfi
  - Núverandi stöðu á markaðnum
  - Fjárfestingarstefnu
  - Viðskiptaáætlun
  - Almenn efnahagsleg skilyrði
38. Við flokkun áhættu skal hafa til hliðsjónar flokkun í Viðauka B hér á eftir.

#### Tíðni og tímasvið álagsprófa

39. Framkvæma skal álagspróf minnst árlega. Auk þess er æskilegt að álagspróf séu framvæmd verði veigamiklar breytingar á starfsemi félagsins.
40. Þó getur verið eðlilegt að félög með hagstæða áhættusamsetningu framkvæmi álagspróf sjaldnar. Á sama hátt er eðlilegt að félög með óhagstæða áhættusamsetningu framkvæmi álagspróf oft.
41. Álagspróf skulu prófa áhrif mismunandi tímasviða á viðskiptaáætlanir, mikilvæga áhættuþætti og framtíðarhorfur. Tímasviðið verður að vera nógu langt til að áhrif áfalla komi að fullu fram, stjórnendur hafi tíma til að bregðast við og niðurstöður komi í ljós.

#### Staðfesting líkana og skráning álagsprófa

42. Áreiðanleiki þeirra líkana sem í notkun eru skal sannreyndur reglulega. Meðal annars er nauðsynlegt að gera afturvirk próf til að skoða hvernig forsendur hefðu reynst í fortíðinni.
43. Æskilegt er að þeir sem prófa líkönin hafi ekki tengst þróun eða notkun þeirra og tengist ekki viðskiptalegum ákvörðunum sem gætu verið afleiðingar af niðurstöðum líkansins.
44. Allt ferlið við álagsprófanir skal vera vandlega skjalfest. Gera skal vinnuhandbók þar sem skráð er meðal annars:
- Grundvallarforsendur þeirra aðferða sem notaðar eru við álagsprófin
  - Mælanlegar aðferðir
  - Verklag við hönnun líkana
  - Stjórnþætti og starfshættir í álagsprófum
  - Skilyrði sem notuð voru til að ákvarða áföll sem prófað er fyrir
45. Stjórn og framkvæmdastjóra skulu skriflega gerð grein fyrir helstu niðurstöðum álagsprófa. Skýrslan skal auk tölfraðilegra niðurstaðna innihalda umfjöllun um



niðurstöður og afleiðingar álagsprófsins. Einnig skulu umræður fara fram um skýrsluna á stjórnarfundum.

#### **Áhrif aðgerða stjórnenda á útkomu álagsprófa**

46. Við gerð álagsprófa skal taka tillit til hvaða möguleika stjórnendur váttryggingafélagsins hafa á að bregðast við. Hafa skal þá í huga eftirfarandi atriði:
- Áhrif atburðarins án viðbragða stjórnenda skulu skoðuð.
  - Skoða skal hversu langur viðbragðstími stjórnenda yrði.
  - Loks skulu tegund og tímasetning viðbragða stjórnenda skráð sem og árangur sem af því fæst.
47. Í stöðluðu álagsprófi Fjármálaeftirlitsins verður hins vegar ekki gert ráð fyrir neinum aðgerðum stjórnenda.

#### **Eyðublað vegna áhættustýringar**

48. Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar afhent nokkrum váttryggingafélögum eyðublað sem ætlað er sem greinargerð um áhættustýringu félagsins. Nokkur af þeim hafa nú þegar afhent Fjármálaeftirlitinu drög að svari.
49. Sú flokkun á áhættuþáttum sem kynnt er í Viðauka B hér á eftir er notuð sem grundvöllur að sérstöku eyðublaði um áhættustýringu.
50. Váttryggingafélög skulu innan eigi síðar en 31. október 2006 skila Fjármálaeftirlitinu í fyrsta sinn útfylltu eyðublaðinu um áhættustýringu. Eyðublaðið mun svo verða frá og með skilum vegna reikningsársins 2006 hluti af árlegum gagnaskilum váttryggingafélaga. Þó þurfa váttryggingafélög einungis að gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á áhættumælingar- og áhættustýringaraðferðum frá því eyðublaðinu var síðast skilað.
51. Eyðublaðið hefur nú verið sett upp í formi Excel-skjals. Til að gera grein fyrir áhættustýringu á mismunandi sviðum/deildum/dótturfélögum þurfa váttryggingafélög að afrita töfluna og flytja í nýja örk, þannig að til verði ein örk fyrir hvert svið/deild/dótturfélag.
52. Heimilt er að skila upplýsingum um áhættustýringu á öðru formi, svo framarlega sem allar upplýsingar sem koma eiga fram á eyðublaðinu, komi að lágmarki fram á því formi.
53. Með áhættumælingaraðferðum er átt við þær aðferðir sem váttryggingafélagið notar við að greina umfang þeirrar áhættu sem verið er að skoða. Hér skal gera grein fyrir hvaða gögn eru notuð til að meta áhættuna og einnig ef notaðar eru stærðfræðilegar aðferðir á gögnin.
54. Með áhættustýringaraðferðum er átt við þær ráðstafanir sem félagið notar til að reyna að koma í veg fyrir viðkomandi áhættuþátt og takmarka afleiðingar áhættunnar ef einhver atburður á sér stað sem fellur undir áhættuþáttinn.
55. Fylla skal út starfsheiti og eftir atvikum nafn þess eða þeirra sem ábyrgð bera á mælingu og stýringu viðkomandi áhættu.

## **Viðauki A**

### ***Almennt um álagspróf og kosti þeirra***

#### ***Notkun álagsprófa í nágrannalöndum***

Í fjármálaeftirlitum nágrannalandanna færast notkun álagsprófa í eftirliti með fjárhagslegum styrkleika váttryggingafélaga í vöxt.

Finanstilsynet í Danmörku hefur innleitt svokallað umferðarljósakerfi þar sem skoðuð eru áhrif fyrirframgefina áfalla á eignahlið efnahagsreiknings váttryggingafélaga. Annars vegar er prófað hvort félagið standist veruleg áföll og geri félagið það ekki fær það gult ljós frá eftirlitinu. Hins vegar er prófað hvort félagið standist mildari áföll og fær félagið rautt ljós ef það þolir þau ekki. Nú er unnið að gerð sambærilegs prófs fyrir skuldahlið efnahagsreikningsins. Eftirlitið gerir kröfur um tíðari gagnaskil frá þeim félögum sem fengið hafa slíkar merkingar.

Í Bretlandi fer eftirlitið fram á það við tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga að þeir framkvæmi þolpróf. Þar er prófað hvernig félögin standast tilteknar lækkanir á eignum, þ.e. fjárhagsleg áföll.

Váttryggingaeftirlitið í Frakklandi hefur á síðustu árum verið að innleiða álagspróf sem hluta af reglulegum skilum váttryggingafélaga. Þar á meðal eru próf sem taka tillit til váttryggingaáhættu. Algengt er að endurtryggjendur aðstoði smærri váttryggingafélög við útfyllingu eyðublaðsins.

Loks má geta að í Finnlandi hafa álagspróf verið hluti af mælingum á gjalþolskröfum váttryggingafélaga síðastliðna tvo áratugi.

#### ***Leiðbeinandi tilmæli IAIS***

Þann 3. október 2003 samþykkti fundur IAIS leiðbeinandi tilmæli samtakanna um álagspróf. Markmiðið með þessum tilmælum var að:

- Ræða hvaða hlutverki álagspróf ættu að gegna í áhættustýringu, og hvernig þau gætu aðstoðað váttryggjendur í að viðhalda nægilegum stöðugleika og fjárhagslegum styrkleika.
- Draga fram mikilvægi álagsprófa til að eftirlit geti sinnt hlutverki sínu við að meta áhættur váttryggingafélaga.
- Draga fram hvernig eftirlit geta notað álagspróf til að meta fjárhagslegan styrkleika einstakra váttryggjenda.
- Leggja mælikvarða á stjórnunarhætti fyrirtækja og önnur atriði tengd rekstri.
- Gefa yfirlit yfir hvaða atriði þurfi að hafa í huga við hönnun álagsprófa.

Með þeim leiðbeinandi tilmælum sem hér eru kynnt leitast Fjármálaeftirlitið við að taka upp mikilvægustu atriðin í áðurnefndum tilmælum og beinir því til váttryggingafélaga að álagspróf þróist í að verða sífellt mikilvægari hluti af áhættustýringu þeirra.

#### ***Helstu álitæfni við hönnun álagsprófa***

Miðað við margt annað eru álagspróf tiltölulega einföld. Þó eru nokkur úrlausnarefni sem blasa við þeim sem hanna og framkvæma álagspróf. Sum þeirra eru:

- Ákveða hvaða áhættuþætti á að prófa.
- Ákvarða hvernig þeir þættir verða prófaðir.

- Ákvarða hvaða mörk skuli nota.
- Ákvarða tímabilið sem álagsprófið nær yfir.
- Greina niðurstöðurnar og taka upplýsta ákvörðun.

Góð álagspróf krefjast góðra upplýsingakerfa og samstarfs á milli deilda.

## ***Kostir þess að nota álagspróf við áhættustýringu***

### **Inngangur**

Núverandi gjaldþolskröfur eru reiknaðar með því að margfalda tiltekna þætti með föstum stuðlum, en slíkar aðferðir eru almennt nefndar fasthlutfallsaðferðir (e. factor based). Í þessum undirkafla verður farið nánar í ástæður þess að núverandi mælikvarði á lágmarksgjaldþol er talinn ófullnægjandi og hvaða kosti álagspróf hafa fram yfir hann.

### **Helstu gallar núverandi kerfis við að mæla gjaldþol**

Stærsti gallinn við núverandi formúlu til útreiknings lágmarksgjaldþols er að hún tekur ekki nægilegt tillit til einstakra áhættuþátta. Í stórum dráttum má segja að áhætta sé lögð að jöfnu við umfang starfsemi váttryggingafélaga, mælt annaðhvort í iðgjöldum eða tjónum. Við síðustu breytingar, sem nefndar hafa verið Solvency I, sem tóku gildi hér á landi með lögum nr. 37/2003, var reynt að gera lagfæringar á kerfinu. Þar má nefna að gerðar voru auknar kröfur til gjaldþols vegna starfsemi í ábyrgðartryggingum sem er vísir að því að taka aukið tillit til langtímaskuldbindinga.

Hættan við núverandi kerfi er einnig að ekki náist samræming á milli landa eða einstakra félaga vegna mismunandi reikningsskilaaðferða og aðferða við ákvörðun váttryggingaskuldar.

Loks má geta að váttryggingafélög fá litla umbun fyrir góða endurtryggingavernd sem og fjölþætta dreifingu í starfsemi. Til dæmis taka núverandi reglur eingöngu tillit til virkni endurtryggingaverndar í fortíðinni en ekki til breytinga sem orðið hafa á endurtryggingavernd þegar lágmarksgjaldþol er reiknað út.

### **Helstu kostir og gallar fasthlutfallsaðferða**

Helstu kostir fasthlutfallsaðferðanna eru að þar eru einfaldar og fyrirfram skilgreindar formúlur sem gera smæstu váttryggingafélögum kleift að reikna út fjármagnskröfur á eigin spýtur. Í raun má segja að þessi einfaldleiki geri aðferðirnar jafn útbreiddar og reyndin er. Jafnframt má gera því skóna að einfaldleikinn verði til þess að fasthlutfallsaðferð verði notuð áfram á Evrópska efnahagssvæðinu, að minnsta kosti þannig að hún nái áfram til mælanlegustu áhættuþáttanna og smæstu félaganna.

Stærstu gallarnir eru einkum tveir. Í fyrsta lagi byggja þessar aðferðir á sögulegum staðreyndum. Það dregur úr hvata fyrir váttryggingafélög til að efla áhættustýringu þar sem ávinningur af úrbótum í rekstri kemur ekki fram fyrir en síðar í útreikningi lágmarksgjaldþols. Sem dæmi má nefna að breytingar á endurtryggingavernd skaðatryggingafélaga koma ekki að fullu fram í útreikningi lágmarksgjaldþols fyrir en eftir 3 ár.

Í öðru lagi er ókostur við aðferðirnar að ekki er tekið tillit til sérstakra einkenna váttryggingafélaga. Úr þessu er þó hægt að bæta, t.d. með því að skilgreina sértæka stuðla fyrir einstök váttryggingafélög eins og gert er að hluta til í bandaríska RBC-líkaninu.

**Helstu kostir og gallar álagsprófa**

Fyrst skal þess getið að hægt er að hanna einföld álagspróf. Til dæmis eru svokölluð kyrrstæð álagspróf þess eðlis að þau krefjast almennt ekki gagna umfram þau sem hefðbundin eru.

Helstu kostir álagsprófa eru að þau gefa skýrar niðurstöður sem í mörgum tilvikum er hægt að tengja við líkur á tilteknum atburðum. Einnig hafa álagspróf hvetjandi áhrif á áhættustýringu því að skilningur og mat innan félagsins á einstaka áhættuþáttum þarf að aukast. Álagspróf geta þar að auki gefið hugmynd um hvaða áhrif áætlanir og ákvarðanir munu hafa.

Mikilvægt er einnig að aðferðin sé sveigjanleg gagnvart séreinkennum váttryggingafélaga.

Álagspróf geta hins vegar falið í sér aukinn kostnað. Áhættumælingaraðferðir þurfa að verða skilvirkari auk þess sem greina þarf niðurstöðurnar og gera þarf næmnigreiningu á forsendum prófanna.

**Nánari upplýsingar**

Hér hefur verið stuðst við skýrslu sem KMPG vann fyrir Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi kosti og galla álagsprófa og koma þar fram ýmis atriði sem ekki er getið hér.

**Viðauki B*****Flokkun áhættuþátta hjá váttryggingafélögum******Inngangur***

Hér verður gerð tillaga að flokkun áhættuþátta í váttryggingastarfsemi. Við þessa flokkun verður einkum byggt á skýrslu IAA og stuðst við þá afmörkun áhættuþátta sem þar kemur fram.

Samkvæmt drögum að þeim leiðbeinandi tilmælum sem hér fara að framan er stefnt að því að þessi flokkun verði grundvöllur að útfyllingu eyðublaðs vegna áhættustýringar.

Í tengslum við þessa umræðu verður einnig farið yfir hvaða áhættur hafa mesta þýðingu fyrir íslenska váttryggingamarkaðinn en sú greining var grundvöllur að vali á forsendum staðlaðs álagsprófs Fjármálaeftirlitsins.

***Flokkunin***

IAA telur að sú áhætta sem ætti að teljast til svokallaðrar pillar I áhættu skiptist í fjóra þætti (sjá nánari skilgreiningu á þriggja stoða kerfinu (pillar I-III) í Viðauka C). Um er að ræða:

1. Váttryggingaáhættu
2. Útlána- og mótaðilaáhættu
3. Markaðsáhættu
4. Rekstraráhættu

Hins vegar telur IAA að lausafjárahættu eigi að telja til pillar II. IAIS fjallar einnig um samstæðuáhættu og kerfislæga áhættu, en hér verður reynt að finna öllum mögulegum áhættum váttryggingafélaga stað innan þessara fimm flokka.

Hver flokkur skiptist síðan í nokkra undirflokka. Reynt verður að meta að hve miklu leyti einstakir áhættuflokkar eigi við um líftryggingar annars vegar og skaðatryggingar hins vegar.

Áhætta í skaðatryggingafélögum er mismunandi eftir því hvort um einhæfa eða fjölpætta starfsemi er um að ræða.

## 1. Vátryggingaáhætta

### Almennt

Vitað er að vátryggingaáhætta getur verið misjöfn á milli greina. Sú flokkun sem fer hér á eftir gerir ekki greinarmun á milli vátryggingagreina heldur byggist flokkunin á almennum uppruna áhættunnar.

### 1.1 Samningaáhætta

Hér undir flokkast sú áhætta sem tengd er gerð vátryggingarsamninga, þar á meðal áhætta vegna mistaka sölumanna eða vátryggingamiðlara.

Í líftryggingum er mesta hættan einmitt fólgin í því að miðlari eða sölumaður fari ekki eftir fyrirmælum í því hvernig velja skuli áhættu.

Í skaðatryggingum er meiri hættu á að skilmálar og gildissvið samningsins séu ófullnægjandi og óskýr.

Undir þennan flokk fellur einnig áhættan við að kostnaður verði meiri við samning en talið var, t.d. vegna verðbólgu.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið á þessum áhættuþætti með tvennum leiðbeinandi tilmælum, annars vegar nr. 7/2002 um starfshætti vátryggingamiðlara og hins vegar nr. 6/2003 um starfshætti sölufólks vátryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki áþreifanlegar upplýsingar um skaða sem vátryggingafélög hafa beðið vegna þessa áhættuþáttar en gera má ráð fyrir að þessi áhætta sé ávallt til staðar og vátryggingafélög þurfi að vera á varðbergi fyrir henni við gerð vátryggingarsamninga.

### 1.2 Iðgjaldaáhætta

Áhætta sem felst í að iðgjöld eru ófullnægjandi. Undir iðgjaldaáhættu má einnig flokka áhættuna sem stafar af of hröðum vexti eða samdrætti.

Vitað er um nokkur dæmi þess að nýjar vátryggingagreinar hafa verið verðlagðar á ófullnægjandi hátt. Einnig eru dæmi þess að vátryggingafélög hafi farið of geyst í vexti og ekki gætt nægjanlega að arðsemi vátryggingarekstrarins.

Samkvæmt 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með iðgjöldum og viðskiptaháttum vátryggingafélaga. Eftirlitið hefur nokkrum sinnum gert athugasemdir varðandi iðgjöld hjá einstökum vátryggingafélögum.

### 1.3 Hönnunaráhætta

Áhætta vegna þess að hönnun vátryggingaafurðar var ábótavant.

### 1.4 Tjónaáhætta

Í tjónaáhættu felst bæði hættan á að tiltekinn tjónsatburður eigi sér stað og hættan á að þróun tjóna í uppgjöri verði verri en búist var við. Undir tjónaáhættu fellur einnig sú hættu að

landfræðileg eða félagsleg dreifing áhættu sé of lítil þannig að áhrif áfalla gætu orðið alvarlegri en ella.

Tjónaáhætta skiptir máli fyrir allar váttryggingagreinar en þó sérstaklega í þeim greinum þar sem mikil hætta er á stórtjónum. Áhættan felst einnig í því hversu mikinn hluta áhættunnar félagið tekur á sig sjálft.

### 1.5 Umhverfisáhætta

Áhætta vegna ytri umhverfisþátta, þ. á m. félagslegar, hagrænar, lagalegar og tæknilegar breytingar. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, þ.e. hættan á að almennir erfiðleikar í hagkerfinu eða erfiðleikar hjá öðrum váttryggingafélögum hafi neikvæð áhrif á starfsemi viðkomandi félags.

Gera má ráð fyrir að líftryggingafélög séu viðkvæmari fyrir félagslegum breytingum en að aðrir þættir séu líklegir til að hafa nokkurn veginn jöfn áhrif á líf- og skaðatryggingafélög.

### 1.6 Endurtryggingaáhætta

Áhætta vegna ófullnægjandi endurtryggingaverndar. Þar á meðal gæti verið að endurtryggingar yrðu ófullnægjandi eða of dýrar. Einnig gætu samningarnir verið ófullnægjandi, þ.e. duga ekki nægilega sem vernd gegn stórtjónum.

Endurtryggingaáhætta er erlendis talin skipta mun meira máli fyrir skaðatryggingafélög en líftryggingafélög en hlutur endurtryggjenda í starfsemi íslenskra líftryggingafélaga er töluverður. Í því samhengi má telja að smæð íslensku félaganna skipti töluverðu máli en smærri skaðatryggingafélög þurfa einnig töluvert að reiða sig á endurtryggingavernd.

Ef horft er á árið 2004 er hlutur endurtryggjenda í tjónum líftryggingafélaga á bilinu 33-47%, en á bilinu 5-57% hjá skaðatryggingafélögum. Meðaltalið er 41% fyrir líftryggingafélög en einungis 5% fyrir skaðatryggingafélög. Má því álykta að á Íslandi skipti stærð félagsins meira máli en tegund starfsemi.

### 1.7 Váttryggingatakaáhætta

Áhætta sem stafar af óvissu í hegðun váttryggingataka. Í líftryggingum er þessi áhætta fyrir hendi ef váttryggingataki gefur rangar upplýsingar sem leiða til að ógilda þarf trygginguna.

Í skaðatryggingum getur hegðun t.d. gagnvart bónusreglum í ökutækjatrýggingum skipt máli.

Að lokum má svo nefna að hættan á váttryggingasvikum fellur undir þennan flokk.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki nákvæmar upplýsingar um hversu mikil áhrif þessi þáttur hefur haft á starfsemi einstakra váttryggingafélaga.

### 1.8 Váttryggingaskuldaráhætta

Hættan á að váttryggingaskuld reynist ófullnægjandi. Þættir sem geta haft áhrif hér eru t.d. tíðni og stærð stórtjóna, útkoma úr deilumálum og verðbólguáhætta.

Undir þessa áhættu fellur einnig sú hætta að líkön og aðferðir sem notuð eru til ákvörðunar váttryggingaskuldar séu ófullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingaskuld skv. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi og getur sett reglur um mat á váttryggingaskuldinni. Reglur nr. 85/1999 fjalla um hámark útjöfnunarskuldar skaðatryggingafélaga og reglur nr. 903/2004 fjalla um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi. Váttryggingafélög skila einnig til Fjármálaeftirlitsins greinargerð um váttryggingaskuld, auk þess sem gögnum hefur verið safnað um þróun tjónaskuldar í einstökum greinum frá árinu 1976.

Váttryggingaskuld gegnir mun stærra hlutverki hjá skaðatryggingafélögum. Hluttur hennar í efnahagsreikningi er 60% hjá skaðatryggingafélögum á móti 27% hjá líftryggingafélögum. Hafa ber þó í huga að uppbygging gjaldþolskrafna gerir það að verkum að smærri félög þurfa, ef skoðað er í hlutfalli við umfang starfseminnar, á meira eigin fé að halda. Þrátt fyrir það má þó fullyrða að váttryggingaskuldaráhætta hafi minna vægi fyrir líftryggingafélög, a.m.k. hér á landi þar sem stór hluti bóta er gerður upp í eingreiðslu.

### **Mikilvægustu áhættuþættirnir**

Í stöðluðu álagsprófi Fjármálaeftirlitsins skiptir máli að prófaðir séu þeir þættir sem mestu máli skipta fyrir viðkomandi félag. Hér verða reyndar þættirnir flokkaðir án þess að tekið sé tillit til hvort auðvelt sé að hanna staðlað álagspróf vegna viðkomandi áhættuþátta. Hafa ber í huga að váttryggingafélög þurfa að taka tillit til allra þeirra áhættuþátta sem nefndir hafa verið hér að ofan en hins vegar eru þeir þættir sem taldir eru upp hér að neðan þeir mikilvægustu að mati Fjármálaeftirlitsins.

Við skiptingu skaðatryggingafélaga í flokka er notuð skilgreining skv. 7.-8. tölul. í drögum að leiðbeinandi tilmælum hér að framan.

#### Líftryggingafélög

Samningaáhætta, váttryggingatakaáhætta og endurtryggingaáhætta.

#### Skaðatryggingafélög með einhæfa starfsemi

Iðgjaldaáhætta, tjónaáhætta, endurtryggingaáhætta og váttryggingaskuldaráhætta.

#### Skaðatryggingafélög með fjölþætta starfsemi

Iðgjaldaáhætta, tjónaáhætta og váttryggingaskuldaráhætta.

## **2. Útlána- og mótaðilaáhætta**

### **Almennt**

Útlánaáhætta er hættan á að mótaðilar eins og útgefendur skuldabréfa eða endurtryggjendur verði gjaldþrota eða að hæfni mótaðilans til greiðslu versni.

#### **2.1 Útlánatapsáhætta**

Hættan á gjaldþroti tiltekins lánþega, eða að meira tap verður af útlánum en reiknað var með. Undir þennan flokk fellur einnig hættan á rýrnun veðs.

Samkvæmt gögnum úr ársreikningum eru líftryggingafélög að mjög litlu leyti í útlánastarfsemi, meðaltalhlutfallið af efnahagsreikningi er um 0,3%. Meðalhlutfallið hjá skaðatryggingafélögum er hins vegar 17% og er það hæst hjá stærstu félögunum.

## 2.2 Lánshæfisáhætta vegna mótaðila

Hættan á að lánshæfismat mótaðila lækki, eða að líkur aukist á gjaldþroti mótaðila. Undir þennan flokk fellur einnig hættan á að mótaðili flytjist úr lögsagnarumdæminu.

Ekki er hægt að alhæfa neitt um þennan þátt þar sem einstaka váttryggingafélög verða að hafa yfirsýn yfir þessa áhættu. Einnig er mikilvægt að Fjármálaeftirlitið fylgist með aðstæðum á markaði og einstaka samningum. Eftirlitið aflar nú þegar árlega gagna um útlán og kröfur váttryggingafélaga.

## 2.3 Óbein útlánaáhætta

Undir þennan flokk fellur hættan á að gæði útlána versni vegna ytri markaðsaðstæðna.

## 2.4 Uppgjörsáhætta

Áhætta sem stafar af mismun á eindaga og raunverulegum greiðslutíma lána.

## 2.5 Utanlandsáhætta

Áhætta vegna rýrnunar erlendra krafna eða aukningar skuldbindinga í erlendum gjaldmiðlum.

Almennt taka íslensk váttryggingafélög ekki á sig miklar skuldbindingar í erlendum myntum þ.e.a.s. í öðrum gjaldmiðli en þeim þar sem félagið aflar sér stærstan hluta tekna og ber stærsta hluta váttryggingaáhættunnar.

## 2.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er almennt hættan á of lítilli dreifingu mótaðila. Til dæmis getur verið að félag láni nánast eingöngu í tiltekinn landshluta og í því felst áhætta sem hafa þarf í huga. Einnig getur verið að treyst sé um of á einn eða fáa aðila varðandi endurtryggingavernd.

Fjármálaeftirlitið fylgist reglulega með útlánnum og endurtryggingavernd váttryggingafélaga. Váttryggingafélög, sér í lagi þau smærri og þau sem eru með einhæfa starfsemi, þurfa að vera vakandi fyrir þessari áhættu þar sem hún getur verið mjög mismunandi á milli félaga.

## 2.7 Endurtryggjendaáhætta

Undir þennan flokk fellur hættan á að endurtryggjandi verði gjaldþrota eða geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Félag sem reiða sig mest á endurtryggjendur eru viðkvæmust fyrir þessum áhættuþætti.

### Mikilvægustu áhættuþættirnir

#### Líftryggingafélög

Samþjöppunaráhætta og endurtryggjendaáhætta

#### Skaðatryggingafélög með einhæfa starfsemi

Samþjöppunaráhætta og endurtryggjendaáhætta

#### Skaðatryggingafélög með fjölþætta starfsemi

Útlánatapsáhætta og endurtryggjendaáhætta



### 3. Markaðsáhætta

#### Almennt

Markaðsáhætta ræðst af því hversu viðkvæmar eignir váttryggingafélags eru fyrir breytingum á markaðsvirði.

Erlendis er markaðsáhætta talin vera meiri fyrir líftryggingafélög en það virðist ekki endilega vera raunin hér á landi. Líftryggingafélög og skaðatryggingafélög hafa svipað hlutfall eigna sinna í fjárfestingum samkvæmt efnahagsreikningi en tæpur helmingur af fjárfestingum líftryggingafélaga er með fjárfestingaráhættu líftryggingataka. Því má í raun segja að hér á landi beri skaðatryggingafélög meiri markaðsáhættu.

#### 3.1 Vaxtaáhætta

Hættan á að eignir rýrni vegna breytinga á vöxtum á markaði. Misjafnt er hversu mikið eignir eru viðkvæmar fyrir breytingum á markaðsvöxtum. Verðbréf með föstum tekjum er sá liður efnahagsreiknings sem inniheldur almenn skuldabréf og sá liður rýrnar helst ef hækkan verður á markaðsvöxtum.

Mjög misjafnt er eftir félögum hversu mikið þau eiga af verðbréfum með föstum tekjum. Meðalhlutfallið hjá líftryggingafélögum er 18% af eignum en 13% hjá skaðatryggingafélögum. Fjölbreytileikinn er hins vegar mjög mikill og má því álykta að næmni váttryggingafélaga fyrir vaxtaáhættu sé mismunandi og ekki er hægt að álykta að sú næmni ráðist af tegund starfsemi.

#### 3.2 Hlutabréfaáhætta

Hætta á lækkan markaðsvirðis hlutabréfa. Fjármálaeftirlitið safnar árlega upplýsingum um eignir váttryggingafélaga í hlutabréfum.

Hlutabréf váttryggingafélaga eru flokkuð undir verðbréf með breytilegum tekjum. Eignir félaganna í þeim flokki eru einnig mjög mismunandi en meðalhlutfall líftryggingafélaga er 24% en meðalhlutfall skaðatryggingafélaga er 30%, þannig að um lítinn mun er að ræða. Ekki er því heldur hægt að alhæfa neitt um hvar líklegast er að hlutabréfaáhættan liggi.

#### 3.3 Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla rýri eignir váttryggingafélaga í erlendri mynt eða að skuldbindingar í erlendri mynt aukist. Fjármálaeftirlitið safnar árlega upplýsingum um eignir og skuldir váttryggingafélaga í erlendri mynt.

Frekar lítill hluti eigna váttryggingafélaga er í erlendum myntum. Meðalhlutfallið hjá líftryggingafélögum er 6% en hjá skaðatryggingafélögum er hlutfallið 3%. Hlutfall skulda í erlendri mynt er enn minna og nánast hverfandi.

#### 3.4 Grunnáhætta

Hættan á að eignir váttryggingafélaga verði fyrir sveiflum í markaðsvirði en virði skuldbindinga breytist ekki á móti. Þetta er í raun hættan á að ósamræmi sé í mati eigna og skuldbindinga.

Samkvæmt 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi skulu váttryggingafélög gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir hvaða eignir eru til að mæta váttryggingaskuld. Váttryggingafélög þurfa einnig að gæta þess að eignasamsetningin sé með þeim hætti að sem minnst hætta sé á að sveiflur á markaði rýri gæði váttryggingaskuldar eða eigin fjár.

### 3.5 Endurfjármögnunaráhætta

Hættan á að ekki fáist viðeigandi fjárfestingarkostir fyrir fjármuni sem félag þarf að endurfjárfesta.

Hægt er að leggja mat á þróun endurfjármögnunaráhættu með því leggja saman hagnað og tap af sölu fjárfestinga og finna hlutfall þess af fjárfestingum samkvæmt efnahagsreikningi. Þannig fæst mynd af þeirri veltu sem er á fjárfestingum váttryggingafélaganna.

Síðustu tvö ár hefur velta skaðatryggingafélaga verið í heildina 11%. Nokkuð meiri sveiflur hafa verið á veltu líftryggingafélaga en hún fór hæst í 33% árið 2001. Mikið af þeirri veltu má þó skrifa á eitt félag. Á árinu 2004 var samanlögð velta líftryggingafélaga 7%. Ljóst er að félög þurfa að huga vel að endurfjármögnunaráhættu þegar tekin er ákvörðun um sölu eigna.

### 3.6 Samþjöppunaráhætta

Hættan á tapi vegna þess að fjárfestingar eru of mikið bundnar við tiltekið landsvæði eða bundnar við tiltekin þátt í hagkerfinu, t.d. að fjárfesting í hlutabréfum sé ekki nógu mikið dreifð á tegundir atvinnustarfsemi.

Fjármálaeftirlitið hefur möguleika á að fylgjast með þessum þætti í gegnum svokölluð E-blöð sem váttryggingafélög skila árlega til eftirlitsins. Mikilvægast er þó að váttryggingafélög reyni að koma í veg fyrir þessa áhættu við gerð fjárfestingaráætlana.

### 3.7 Ósamræmisáhætta

Hættan á ósamræmi á milli eigna og skuldbindinga, þ.e. að ávöxtun eða innflæði vegna eigna sé ekki í samræmi við greiðslu skuldbindinga. Þessa áhættu má takmarka með því að gæta þess hvaða eignir eru til að mæta váttryggingaskuld, á sambærilegan hátt og varðandi grunnáhættu.

### 3.8 Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Hættan á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldum í afleiðusamningum. Fjármálaeftirlitið fær árlega yfirlit yfir afleiðusamninga váttryggingafélaga. Hingað til hafa váttryggingafélög lítinn þátt tekið í afleiðuvíðskiptum og er því þessi áhætta óveruleg hér á landi.

### Mikilvægustu áhættuþættirnir

Ekki verður gerð tilraun til að flokka váttryggingafélög varðandi markaðsáhættu. Til þess er of mikill fjölbreytileiki á milli félaga og ekki hægt að greina að skiptingin fylgi á neinn hátt þeirri flokkun sem hægt var að nota varðandi váttrygginga- og útlánaáhættu.

Fjármálaeftirlitið telur að mikilvægustu áhættuþættir markaðsáhættu á innlendum markaði séu vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og endurfjármögnunaráhætta.

## 4. Rekstraráhætta

### Almennt

Rekstraráhætta hefur oft verið skilgreind sem sú áhætta sem ekki fellur undir aðra áhættuflokka. Nú hefur Basel-nefndin um bankaefirlit skilgreint rekstraráhættu sem “áhættu vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, kerfum eða vegna ytri atburða”. Nefndin telur að hægt sé að skilgreina fjármagnskröfur fyrir áhættu sem fellur undir þessa skilgreiningu.

Almennt má segja að erfitt sé að mæla rekstraráhættu og því ekki augljóst hvernig hanna eigi trúverðug álagspróf sem lýsi þeirri áhættu. Vátryggingafélög þurfa hins vegar að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir að þau hafi gert ráðstafanir til að skilgreina og mæta rekstraráhættu sinni.

Starfshópur IAA um gjaldþol treysti sér ekki til að skilgreina flokka rekstraráhættu. Sú flokkun sem hér fer á eftir er byggð á flokkun IAIS. Fjármálaeftirlitið mun ekki taka afstöðu til þess hér hvaða flokkar eru mikilvægastir, enda mun rekstraráhætta ekki verða innifalin í stöðluðu álagsprófi eftirlitsins.

#### **4.1 Áhætta vegna ófullnægjandi áætlanagerðar**

Undir þennan flokk fellur til dæmis sú áhætta að vátryggingaskuld sé ófullnægjandi vegna þess að verklagið sem notað er við mat skuldarinnar hafi reynst ófullnægjandi.

#### **4.2 Áhætta vegna viðlagaástands**

Áhætta sem takmarka má með viðeigandi viðlagaáætlun. Undir viðlagaástand flokkast til dæmis hrun upplýsingakerfa.

#### **4.3 Áhætta vegna svika**

Hætta á svikum sem valda fjárhagslegu tjóni fyrir vátryggingafélagið. T.d. gæti verið um svik starfsmanna eða peningþvætti að ræða.

#### **4.4 Áhætta vegna upplýsingatækni**

Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar.

#### **4.5 Orðstírsáhætta**

Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðstír vátryggingafélags hefur beðið hnekki.

#### **4.6 Markaðssetningaráhætta**

Áhætta tengd markaðssetningu og dreifingu. Undir þetta fellur til dæmis sú áhætta að samstarfsaðili sem félag reiðir sig á bregðist.

#### **4.7 Stjórn málaáhætta**

Hættan á pólitískum afskiptum, t.d. upptaka eigna, takmörkun á ráðstöfun fjármagns eða lagabreytingar, t.d. breytingar á skattalögum eða breytingar á lögboðnum vátryggingum.

#### **4.8 Lagaleg áhætta**

Undir þennan flokk falla aðgerðir dómstóla og stjórnvalda, t.d. beiting sekta eða að túlkun skilmála verði á annan hátt en félagið bjóst við.

#### **4.9 Áhætta vegna útvistunar**

Við útvistun er treyst á utanaðkomandi aðila til að taka að sér tiltekin verkefni. Vátryggingafélög þurfa að vera á varðbergi gagnvart þeirri áhættu sem slíkt skapar.

#### **4.10 Starfsmannaáhætta**

Almenn hætta á að starfsmenn fari út fyrir heimildir sínar.

#### 4.11 Samstæðuáhætta

IAIS lítur í sinni flokkun á samstæðuáhattu sem sérstakan flokk en Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að líta hana sem sérstaka tegund rekstraráhattu.

Í leiðbeinandi tilmælum IAIS eru talin upp nokkur atriði sem valdið geta samstæðuáhattu og er vísað í þau vegna nánari upplýsinga.

Þegar þetta er ritað eru 6 af 13 váttryggingafélögum með starfsleyfi hér á landi hluti af samstæðu sem dótturfélög og hefur þeim heldur farið fjölgandi. Þar af eru 5 dótturfélög annarra váttryggingafélaga en 1 er dótturfélög banka. Þrjú váttryggingafélög gegna hlutverki móðurfélags í samstæðu. Í heild eru því 9 af 13 váttryggingafélögum með starfsleyfi hluti af samstæðu.

Ljóst er því að meirihluti starfandi váttryggingafélaga þarf að taka tillit til málefna samstæðunnar. Þó að það að vera hluti af samstæðu geti verið styrkleiki fyrir váttryggingafélög eru einnig ýmsir áhættuþættir sem taka þarf tillit til.

### 5. Lausafjáraáhætta

#### Almennt

Eins og áður er getið telur starfshópur IAA um gjaldþol að lausafjáraáhætta teljist til pillar II áhattu. Með því er átt við að lausafjáraáhætta verði ekki innifalin í stöðluðum gjaldþolskröfum. Líklegt að sú verði raunin í uppbyggingu pillar I í Solvency II.

Tiltekna hluta lausafjáraáhattu ætti þó að vera tiltölulega auðvelt að skoða með álagsprófum, þó að slíkt sé ekki gert í staðlaða álagsprófi Fjármálaeftirlitisins.

Hér verður litið á lausafjáraáhattu sem einn áhættuflokk. Mögulegar ástæður lausafjáraáhattu eru taldar upp í skýrslu áðurnefnds starfshóps IAA og í leiðbeinandi tilmælum IAIS.

Í stað þess að skipta lausafjáraáhattu eftir uppruna áhættunar verður hér skipt eftir því hvernig hægt er að stýra áhættunni.

#### 5.1 Dagleg stýring

Deild eða starfsmaður innan félagsins hefur venjulega það hlutverk að sjá til að daglega hafi félagið yfir nægilegu fjármagni að ráða. Einnig felst þessi daglega stýring í að finna viðeigandi ávöxtunarleiðir fyrir skammtímaeignir og skammtímaskuldir.

#### 5.2 Viðvarandi stýring

Lausafjárstýring þar sem reynt er að fylgjast með lausafjárþörf eitt hvað fram í tímann, t.d. 6-24 mánuði.

#### 5.3 Stýring stórtjónaáhattu

Notuð eru álagspróf til að fylgjast með lausafjárþörf vegna mögulegra stórtjóna.

### Heimildaskrá

European Commission. Study into the methodologies to assess the overall financial position of an insurance undertaking from the perspective of prudential supervision. KPMG, maí 2002

[http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/insurance/docs/solvency/solvency2-study-kpmg\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/internal_market/insurance/docs/solvency/solvency2-study-kpmg_en.pdf)

International Actuarial Association. A Global Framework for Insurer Solvency Assessment, IAA Insurer Solvency Assessment Working Party, 2004.

[http://www.actuaries.org/LIBRARY/Papers/Global\\_Framework\\_Insurer\\_Solvency\\_Assessment-public.pdf](http://www.actuaries.org/LIBRARY/Papers/Global_Framework_Insurer_Solvency_Assessment-public.pdf)

International Association of Insurance Supervisors. Stress Testing by Insurers. Guidance Paper, október 2003.

<http://www.iaisweb.org/185stresstesting03.pdf>

## Viðauki C

### Ýmis hugtök og skammstafanir

Skammstöfun/Hugtak	Útskýring
RBC	Risk Based Capital, bandaríska gjaldbolskerfið sem byggir á því að tilteknir áhættuþættir eru margfaldaðir með gefnum stuðlum, sjá nánar á <a href="http://www.naic.org/">www.naic.org/</a> , heimasíðu samtaka bandarískra váttryggingaefitirlita.
IAA	International Actuarial Association, alþjóðasamtök tryggingastærðfræðinga <a href="http://www.actuaries.org/">www.actuaries.org/</a> .
IAIS	International Association of Insurance Supervisors, alþjóðasamtök eftirlita á váttryggingamarkaði <a href="http://www.iaisweb.org">www.iaisweb.org</a>
Pillar I	Pillar I eða fyrsta stoð í bankaefitirliti samkvæmt Basel-reglum og í váttryggingaefitirliti samkvæmt væntanlegum Solvency II reglum fjallar um hvernig skilgreina eigi lágmarksfjákröfur til að fyrirtæki geti starfað. Kröfurnar geta verið ákvarðaðar á ýmsa vegu, t.d. með innri líkönnum.
Pillar II	Fjallar um hvernig eftirliti skuli háttað og hvaða sértæku kröfur hægt er að leggja á eftirlitsskylda aðila.
Pillar III	Fjallar um kröfur um upplýsingagjöf eftirlitsskyldra aðila til markaðarins og til eftirlita.

## Viðauki D

### Staðalforsendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim staðalforsendum sem Fjármálaeftirlitið mun nota við útfyllingu eyðublaðs vegna staðlaðs álagsprófs. Hér eru ekki taldir upp þeir liðir þar sem reiknaðar stærðir koma fyrir. Einnig er gerð grein fyrir forsendum Fjármálaeftirlitsins við útreikning áhrifa áfalla þar sem þörf er talin á.

Fylgiskjal 3 sýnir útfyllingu eyðublaðsins með tilbúnum tölum fyrir líftryggingafélag.

Fylgiskjal 4 sýnir útfyllingu eyðublaðsins með tilbúnum tölum fyrir skaðatryggingafélag með einhæfa starfsemi.

Fylgiskjal 5 sýnir útfyllingu eyðublaðsins með tilbúnum tölum fyrir skaðatryggingafélag með fjölþætta starfsemi.

## **Líftryggingafélög**

### **Rekstrarreikningur**

#### Áætluð iðgjöld ársins

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

#### Áætluð iðgjöld til endurtryggjenda

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

#### Áætluð tjón og líftryggingabætur ársins

Þessi fjárhæð ræðst af öðrum staðalforsendum á þann hátt að tjón mega helst ekki vera það há að félagið í heild sé rekið með tapi.

Fyrst skal miðað við meðalhluftfall tjóna ársins af iðgjöldum ársins næstu fimm ára á undan.

Dugi það ekki til skal miðað við þau þekktu hlutföll sem eru fyrir neðan meðaltal, byrjað á því hæsta.

Aldrei skal reikna með lægra tjónahlutfalli en því lægsta á næstu fimm árum á undan.

#### Áætlaður hluti endurtryggjenda í tjónum og líftryggingabótum

Meðalhluftdeild endurtryggjenda í tjónum og líftryggingabótum síðastliðin 5 reikningsár.

#### Fjárfestingartekjur af skaðatryggingarekstri

Meðalhluftdeild þessa liðar í váttryggingaskuld í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### Áætlaður hreinn rekstarkostnaður

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

#### Fjárfestingartekjur – fjárfestingargjöld

Meðalhluftdeild þessa liðar í váttryggingaskuld í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### Ýmsir líftryggingaliðir

Meðalhluftdeild summu liðanna:

Breyting á annarri líftryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda  
Óinnleystar tekjur vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka

Óinnleyst tap af líftryggingum vegna fjárfestingaráhættu líftryggingataka  
Yfirfærðar fjárfestingartekjur (liður 14)

í váttryggingaskuld í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### Áætlaður hagnaður af fjármálarekstri

Meðalhlutdeild þessa liðar í eigin fé í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### **Efnahagsreikningur**

Gert er ráð fyrir að allir liðir haldist óbreyttir frá síðasta ári, með eftirfarandi undantekningum:

Ekki er gert ráð fyrir seldum eigin hlutabréfum eða hlutafjárukningu. Félaginu ber að fylla inn í þessa reiti sé slíkt fyrirhugað eða hafi þegar verið gert. Breytingar á tjónaskuld eru ákveðnar sem hlutfall af bókfærðum tjónum, miðað við meðaltal þess hlutfalls síðastliðin 5 reikningsár.

Sé fjárfesting í verðbréfasjóði ber að skipta fjárfestingunni í flokka skuldabréfa og hlutabréfa í samræmi við fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóðs.

### ***Skaðatryggingafélög***

#### **Rekstrarreikningur**

##### Áætluð iðgjöld ársins

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

##### Áætluð iðgjöld til endurtryggjenda

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

##### Áætluð tjón ársins

Þessi fjárhæð ræðst af öðrum staðalforsendum á þann hátt að tjón mega helst ekki vera það há að félagið í heild sé rekið með tapi.

Fyrst skal miðað við meðalhlutfall tjóna af iðgjöldum ársins næstu fimm ára á undan.

Dugi það ekki til skal miðað við þau þekktu hlutföll sem eru fyrir neðan meðaltal, byrjað á því hæsta.

Aldrei skal reikna með lægra tjónahlutfalli en því lægsta á næstu fimm árum á undan.

##### Áætlaður hluti endurtryggjenda í tjónum

Meðalhlutdeild endurtryggjenda í tjónum síðastliðin 5 reikningsár.

##### Fjárfestingartekjur af skaðatryggingarekstri

Meðalhlutdeild þessa liðar í váttryggingaskuld í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### Áætlaður hreinn rekstarkostnaður

Sama fjárhæð og á síðasta reikningsári.

#### Breytingar á útjöfnunarskuld

Fjármálaeftirlitið gerir í sínum forsendum ekki ráð fyrir neinum breytingum á útjöfnunarskuld.

#### Áætlaður hagnaður af fjármálarekstri

Meðalhlutdeild þessa liðar í eigin fé í upphafi árs síðastliðin 5 reikningsár.

#### **Efnahagsreikningur**

Gert er ráð fyrir að allir liðir haldist óbreyttir frá síðasta ári, með eftirfarandi undantekningum:

Ekki er gert ráð fyrir seldum eigin hlutabréfum eða hlutafjárúkningu. Félaginu ber að fylla inn í þessa reiti sé slíkt fyrirhugað eða hafi þegar verið gert.

Breytingar á tjónaskuld eru ákveðnar sem hlutfall af bókfærðum tjónum, miðað við meðaltal þess hlutfalls síðastliðin 5 reikningsár.

Sé fjárfesting í verðbréfasjóði ber að skipta fjárfestingunni í flokka skuldabréfa og hlutabréfa í samræmi við fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóðs.

#### **Aðrar upplýsingar**

Fundin er hlutdeild iðgjalda ársins í einstökum greinaflokkum af heildariðgjöldum, miðað við síðastliðið reikningsár. Sama á við um útreikninga á markaðshlutdeild í eignatryggingum og sjótryggingum.

#### **Áfall 1 – einhæf starfsemi**

Aukning tjóna vegna þessa áfall er öll sýnd í tjónum ársins. Hluttur endurtryggjenda er óbreyttur frá staðalforsendum.

#### **Áfall 1 – fjölþætt starfsemi**

Fjármálaeftirlitið mun afla upplýsinga um stærstu váttryggingafjárhæð félagsins í eigna- og sjótryggingum og byggir útreikninga á endurtryggingafjárhæðum á upplýsingum félagsins um endurtryggingavernd.

#### **Áfall 5 – fjölþætt starfsemi**

Útreikningar á endurtryggingafjárhæðum eru byggðir á upplýsingum félagsins um endurtryggingavernd. Ef endurtryggingaverndin í greininni sem um ræðir byggir eingöngu á umframskaðavernd, gerir Fjármálaeftirlitið ráð fyrir að ekkert tjón sé nógu



stórt til að reyni á verndina. Félaginu er heimilt að leiðrétta það, byggt á eigin reynslu um dreifingu tjónafjárhæða.